

## 2. bekkur

### Áherslur og námsmenning:

Uppbygging til ábyrgðar, grænánaskóli með áherslu á umhverfismennt, teymiskennsla (samvinna), námsaðlögun, fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat, foreldrasamstarf

### Læsi

**Lestur og lesskilningur** – Lögð er áhersla á að kenna nemendum að beita fjölbreyttum aðferðum til að skilja og vinna með krefjandi texta eins og fagtexta og bókmenntir.

**Ritun** - Lögð er áhersla á ritun fjölbreyttra textategunda s.s. frásagna, fræðitexta, og fleira og að nemandi velji frásagnarstíl sem hæfir lesendum og markmiðum textans. Lögð er áhersla á að kenna nemendum rétta stafsetningu og notkun greinarmerkja.

**Talað mál og hlustun** - Lögð er áhersla á að æfa nemendur í því að koma fram fyrir hóp, innan bekkjar sem utan. Nemendum er leiðbeint um tjáningu og stöðu líkamans. Nemendur lesa upphátt, með samlestri, leiklestri og æfast í að flytja ræður.

### 2. bekkur 2018-2019

Íslenska	Náttúrufræði	Samfélagsfræði	Skólaíþróttir og sund	Stærðfræði	Upplýsinga og tæknimennt
<b>Lestur og bókmenntir:</b> Byrjendalæsi. Lestur og lesskilningur, upplestur og framsögn, sögur,	<ul style="list-style-type: none"> <li>Komdu og skoðaðu landakort.</li> <li>Komdu og skoðaðu hafið</li> <li>Fjöruferð.</li> <li>Survivor dagur í Fannahlíð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbyggingarstefnan.</li> <li>Samskipti.</li> <li>Skólaheimsókn í Klébergsskóla.</li> <li>Margbreytileiki og hnattrænt jafnrétti.</li> </ul>	<b>Íþróttir:</b> Stöðvaþjálfun, Leikir úti/inni Þol- og þrekæfingar, Boltaæfingar/leikir, skotboltaleikir, styrktaræfingar,	<b>Tölur og reikningur:</b> Samlagning og frádráttur með tölum upp í 100. <b>Algebra:</b> Mynstur. <b>Rúmfræði og mælingar:</b> Form, einfaldar	Unnið í ýmsum forritum í spjaldtölvu. Áhersla lögð á skapandi vinnu og forritun.

<p>ævintýri, ljóð og einfaldir fræðitextar. Yndislestur.</p> <p><b>Ritun:</b> Skrift- ótengd, bil milli orða, rétt staðsetning stafa á línu. Málsgreinar, punktur, komma, spurningamerki, stór/lítill stafur, Sögugerð, upphaf, meginmál, endir, aðalpersónur, aukapersónur, frásögn, almenn ritun.</p> <p><b>Framsögn/tjáning</b> : Fullveldishátíð, lestur fyrir framan hóp, kynning á verkefnum.</p> <p><b>Málfræði:</b> Nafnorð: sérnöfn, samnöfn, sérhljóði og samhljóði. Kynning á sagnorðum og lýsingarorðum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gönguferðir.</li> <li>• Gróðursetning: kartöflur og tré.</li> <li>• Komdu og skoðaðu líkamann.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróunn.</li> </ul>	<p>samvinnuleikir, ýmsar íþróttgreinar – grunnatriði reglna og spil. Samkvæmisdans (með danskennara 10 skipti)</p> <p><b>Sund:</b> Sundleikir/spil, grunnþjálfun sunaðferða, köfun, rennsli/stunga, stöðvapþjálfun ofl.</p>	<p>mælingar. <b>Tölfræði og líkindi:</b> Flokkun og talning, einföld súlurit.</p>	
--	--	--	---	---	--



Listgreinar	Verkgreinar	Lífsleikni	Danska	Enska	Valgreinar
<p><b>Myndmennt:</b></p> <p>Áhersla á form-litafræði og myndbyggingu. Vinnum með áhrif lita, stærðir/hlutföll, kyrrð/hreyfingu með t.d. munsturgetu, speglun, þrykk og mótun. Þróa verkefni frá hugmynd til afurðar, nota mismunandi efni, verkfæri og tækni í eigin sköpun. Kynnast nokkrum íslenskum listamönnum og mismunandi listastílum.</p> <p>Læra ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</p>	<p><b>Handmennt:</b></p> <p>Nemendur læra grunnatriði í textílmennu. Þeir læra að vinna eftir leiðbeiningum frá kennara og hanna eigin verkefni og útfæra. Þeir læra að nota efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu og fá að kynnast þeim tækjum og tólum sem notuð eru í textílvinnu. Nemendur vinna m.a. verkefni í krossaum og sauma púða eftir eigin hönnun. Einnig verða kennd á grunnatriði við þrjón.</p>	<p><b>Sjálfsþekking, sjálfmynd, styrkleikar hvers og eins.</b></p> <p><b>Félagsfærni</b> - góð samskipti, tillitssemi, að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, geta sett sig í spor annarra og hlustað á aðra og sýna kurteisi.</p> <p><b>Slökun</b> ma. notast við aðferðir Hugarfrelsis.</p>			

<p><b>Tónmennt:</b>  Í tónmenntanámi felst hlustun, sköpun og flutningur. Nem. kynnast og hlusta á mismunandi tónlist. Nem. æfa hryn með undirleik við sönglög og hreyfingu í takt við tónlist. Nem. æfa söng og samstillingu radda með hlustun. Nem. kynnast mismunandi hljóðf. og hljóðheimi þeirra.</p>	<p><b>Hönnun og smíði:</b>  Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. Draga einfalda skissu með tvívíðri teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. Læra á helstu verkfæri og tækni í smíðastofunni eins og að mæla, saga, pússa, negla, líma, mála og nota brennipenna. Kynnast helstu smíðaefnunum og læra góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. Læra ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.</p>				



<b>Dans:</b>	<b>Heimilisfræði:</b> Nemendur læra um heilbrigða lífshætti, hollan mat og áhrif hans á líkaman. Þeir læra að fara eftir einföldum uppskriftum og að nota til þess viðeigandi elshúsahöld. Einnig læra þau um þær hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi, umhverfismennt, umbúðamerkingar og ýmsa siði sem tengjast íslenskum matarhefðum. Lögð er áhersla á hreinlæti, jákvæð samskipti og samvinnu.				
--------------	---	--	--	--	--